

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verði 7. gr. og orðist svo: Á árinu 1974 skulu sömu reglur gilda og giltu fyrir 1973 samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr.

2. gr.

1. ml. 7. gr., verður nú 1. ml. 8. gr. og orðist svo: Fastanefnd hefur verið tilkynnt um, að undanþágur samkvæmt 4. gr. og 7. gr. skuli taka til íslenskra skipa.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959 um fiskveiðar í Norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbót, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi frá og með 1. febr. 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.

24. janúar 1974.

Nr. 29.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Fast gjald	kr. F1
Orkugjald	— 11.60 á kWst.
12. Fast gjald	— F1 + F2
Orkugjald	— 5.50 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	— F1 + F3
Orkugjald	— 3.26 á kWst.

3 Vélanotkun.

31. Fast gjald	— F1 + F2
Lágmarksgjald	— 48 × F1 á ári
Orkugjald	— 7.00 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 2 kW	— 9 660.00 á ári
Aflgjald frá 2—5 kW	— 4 830.00 kW á ári
Fast gjald	— F1 + F3
Orkugjald	— 1.55 á kWst.